



Reykjavík, 14. ágúst 2020
Fundargerð 201. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 14. ágúst var haldinn 201. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Einnig þeir Ásgeir Þór Ásgeirsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdarstjóri SSH.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Nýtt minnisblað sóttvarnalæknis og auglýsing frá heilbrigðisráðherra lögð fram.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir til að takmarka smit af völdum SARS-CoV-2 með ferðamönnum til Íslands og aðgerðir innanlands til að hefta útbreiðslu, dags. 11. ágúst 2020.
- Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. ágúst 2020, dags. 12. ágúst 2020.
- Auglýsing heilbrigðisráðherra nr. 2020, dags. 12. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "RG" and "362".

3. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna

Neyðarstjórnir hafa verið virkjaðar, upplýsingum hefur verið komið til þeirra og lagt upp með reglubundna fundi þeirra næstu vikur og mánuði ef á þarf að halda.

Eftirfarandi lagt fram:

- Covid-19 og aðgerðir sveitarfélaga. Minnisblað dags. 12. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir sveitarfélaganna

Samstarf sveitarfélaganna hefur verið virkjað á ýmsum sviðum, samráðshópar vegna ýmissa málefna, s.s. skólamála, velferðarmála, upplýsingamála, íþróttá- og menningarmála.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir LRH

Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri fóru yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál

7.1 Fjarfundaheimild fyrir ráð og nefndir sveitarfélaganna. Frá síðasta fundi. Heimild í lögum hefur verið framlengd. Borgar- og bæjarráð þurfa að staðfesta það hjá sér, í hverju sveitarfélagi.

Afgreiðsla: Ákveðið að boða fulltrúa lánasjóðsins og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga á fund þegar ferlið liggur betur fyrir.




Fundi slitið klukkan 10:00.


Næsti fundur verður föstudaginn 21. ágúst kl. 08:00.

Fylgiskjöl:


- Auglýsing heilbrigðisráðherra nr. 2020 dags. 12 ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir til að takmarka smit af völdum SARS-CoV-2 með ferðamönnum til Íslands og aðgerðir innanlands til að hefta útbreiðslu, dags. 11. ágúst 2020.
- Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. ágúst 2020, dags. 12. ágúst 2020.
- Covid-19 og aðgerðir sveitarfélaga. Minnisblað dags. 12. ágúst 2020.



Dagur B. Eggertsson




Rósa Guðbjartsdóttir



Gunnar Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson